

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um almannatryggingar (aldurstengd örorkuuppbót), 54. mál.

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfærandi við velferðarnefnd varðandi það.

Aldurstengdri örorkuuppbót er m.a. ætlað að koma til móts við þann hóp sem hefur oft óverulegar lífeyris- og fjármagnstekjur. Þá er eignastaða þess hóps oft lakari en þeirra sem verða fyrir skerðingu eða veikjast síðar á lífsleiðinni. Það á við hjá fólki sem svo háttar til um og hefur verið á örorkubótum og nær 67 ára aldri. Með vísan til framangreinds lýsa Landssamtökin Þroskahjálpar stuðningi við frumvarpið.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2022

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (aldurstengd örorkuuppbót), þingskjal 54 - 54. mál.

ÖBÍ lýsir stuðningi við frumvarpið sem hér er til umsagnar og sem felur í sér að réttur til aldurstengdrar örorkuuppbótar haldist óbreyttur þegar réttur til örorkulífeyris fellur niður og taka ellilífeyris hefst. Samkvæmt núgildandi lögum missa örorkulífeyrisþegar aldurstengda örorkuuppbótina við 67 ára aldur. Breytingin myndi bæta stöðu fatlaðs og langveiks fólks sem vegna veikinda, slysa eða fötlunar ná ekki að ávinna sér lífeyris- réttindi í lífeyrissjóðum og eftirlaunaréttindi þeirra úr lífeyrissjóðakerfinu því mjög takmörkuð eða jafnvel engin. Á slíkt sérstaklega við um einstaklinga sem fá örorkumat ungir að árum. Þessir einstaklingar fá almennt mjög lá eða jafnvel engin eftirlaun frá lífeyrissjóðum og eru auk þess í þeirri stöðu að ná heldur ekki að greiða inn í og safna viðbótarlífeyrissparnaði. Þar af leiðandi þurfa þeir enn frekar að treysta á almannatryggingar.

Ljóst er að sá hópur ellilífeyrisþega sem fyrir 67 ára aldur þurfti að framfleyta sér á örorkulífeyrir og/eða var um lengri tíma utan vinnumarkaðar er almennt með mun lægri tekjur og í mun erfiðari fjárhagsstöðu en aðrir ellilífeyrisþegar. Þetta er sá hópur ellilífeyrisþega sem stendur verst.

Örorkulífeyrisþegar hafa að auki ekki val um að fresta töku ellilífeyris til 72 ára aldurs, eins og aðrir, og hækka þar með greiðslur sínar á mánuði um 0,5%¹, þar sem greiðslum til örorkulífeyrisþega er breytt á umsóknar úr örorkulífeyri í ellilífeyri án við 67 ára aldur.

ÖBÍ mælir með því að frumvarpið verði samþykkt, þar sem það mun bæta kjör þess hóps sem verst stendur í mengi ellilífeyrisþega.

Ekkert um okkur án okkar.

¹ Hægt er að hækka ellilífeyrir og heimilissuppbót um að hámarki 30% með því að fresta töku ellilífeyris.

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

Sigríður Hanna Ingólfssdóttir,
félagsráðgjafi ÖBÍ